



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Yfirlit yfir starfandi starfs- og stýrihópa skóla- og frístundasviðs og erindisbréf starfshópa

Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa í stjórnslu Reykjavíkurborgar sem voru samþykktar 2. febrúar 2018 skal halda skrá yfir starfshópa á hverju fagsviði og erindisbréf starfshópa skulu kynnt í viðkomandi fagráði. Samantekt upplýsinga um starfshópa á skrifstofu skóla- og frístundasviðs eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð reglulega til upplýsingar. Uppruni starfshópa getur verið samkvæmt samþykkt skóla- og frístundaráðs þar sem sviðsstjóra er falið að setja af stað starfshóp til að sinna ákveðnu verkefni, jafnframt getur sviðsstjóri ákveðið að setja af stað starfshópa.

Í fylgiskjölum með minnisblaðinu eru upplýsingar um starfshópa á vegum skóla- og frístundasviðs tímabilið september 2022 til janúar 2024.

- Nýir starfshópar frá september 2022 sem eru að störfum eru alls 3.
- Starfshópar frá fyrra tímabili sem eru enn að störfum eru alls 2.
- Starfshópar sem voru starfandi í september 2022 og lokið hafa störfum eru alls 8
- Starfshópar sem tóku til starfa eftir september 2022 og lokið hafa störfum eru alls 5.
- Yfirlit yfir ný erindisbréf starfshópa skóla- og frístundasviðs frá september 2022 til ágúst 2023 eru alls 7.

NÝIR STARFSHÓPAR FRÁ SEPTEMBER 2022 SEM ERU AÐ STÖRFUM – ALLS 3

<u>Starfshópar</u>	<u>Hlutverk/Markmið</u>	<u>Uppruni</u>	<u>Ábyrgð</u>	<u>Formaður/Verkefnastjóri</u>	<u>Starfstímabil skv. erindisbréfi</u>	<u>Staða</u>
Verkefnahópur vegna KFS greiningar – Skólahljómsveitir Reykjavíkur	Að greina þjónustu skólahljómsveita í Reykjavík.	SFS.	Sviðsstjóri SFS.	Ingi Garðar Erlendsson, skólahljómsveitarstjóri	Hópurinn starfar frá 1. október 2023 – 1. mars 2024.	Að störfum. Starfstími hefur verið framlengdur til 15. júní.
Starfshópur um endurskoðun á hlutverki og þjónustustigi félagsmiðstöðva	Endurskoða hlutverk og þjónustustig félagsmiðstöðva.	SFS.	Sviðsstjóri SFS.	Hulda Valdís Valdimarsdóttir.	Hópurinn starfar til 31. mars 2024	Að störfum.
Starfshópur um skipulag undirbúningstíma leikskólakennara	Hlutverk hópsins er að skoða hvernig skipulag og innihald undirbúningstíma leikskólakennara er háttað og skapa umræðu og sameiginlega sýn á hvernig skipulag og innihald undirbúningstíma gæti best verið háttað.	SFS.	Skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu.	Aðalheiður Stefánsdóttir, verkefnastjóri	Til loka desember 2024.	Að störfum.

STARFSHÓPAR FRÁ FYRRA TÍMABILI ENN AÐ STÖRFUM – ALLS 2

<u>Starfshópar</u>	<u>Hlutverk/Markmið</u>	<u>Uppruni</u>	<u>Ábyrgð</u>	<u>Formaður/Verkefnastjóri</u>	<u>Starfstímabil skv. erindisbréfi</u>	<u>Staða</u>
Starfshópur um mat á misferlisáhættu hjá skóla- og frístundasviði	Kortleggja áhættusama starfs- og þjónustupætti innan sviðsins.	SFS.	Sviðsstjóri SFS.	Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri.	Starfstímabil þessa starfshóps hófst 15. júní 2021 og störfum hópsins lýkur fyrir lok mars 2022.	Að störfum. Starfstími hefur verið framlengdur til mars 2024.
Starfshópur um fræðslu í loftslagsmálum á skóla- og frístundasviði	Stuðla markvisst að allsherjarvitundarvakningu um loftslagsmál og vistvænan lífsstíl í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Að setja upp fræðsluáætlun í loftslagsmálum fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Að setja upp símenntunaráætlun fyrir kennara í grunnskólum Reykjavíkur varðandi loftslagsmál með það markmið að gera þeim betri skil í menntun grunnskólabarna í Reykjavík.	SFS	Sviðsstjóri SFS	Hafsteinn Grétarsson, deildarstjóri Miðstöðvar útivistar og útináms.	Febrúar 2022 – desember 2023.	Starfshópur lagður niður.

STARFSHÓPAR SEM VORU STARFANDI Í SEPTEMBER 2022 OG LOKIÐ HAFA STÖRFUM – ALLS 8

Starfshópar	Hlutverk / Markmið	Uppruni	Ábyrgð	Form./verkefnastj.	Starfstímabil skv. erindisbréfi	Staða
Starfshópur um innleiðingu breytinga skóla- og frístundastarfs fyrir nemendur/börn í Víkurskóla	Hlutverk hópsins er að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinga á skóla- og frístundastarfi í Víkurskóla.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS.	Þuríður Óttarsdóttir skólastjóri Víkurskóla.	Starfshópurinn starfi a.m.k. til ársloka 2022. Hópurinn hefur skilað áfangaskýrslu.	Lokið. Skil til skóla- og frístundaráðs 12. júní 2023.
Starfshópur um innleiðingu breytinga skóla- og frístundastarfs fyrir nemendur/börn í Engjaskóla	Hlutverk hópsins er að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinga á skóla- og frístundastarfi í Engjaskóla.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS.	Álfheiður Einarsdóttir, skólastjóri Engjaskóla	Starfshópurinn starfi a.m.k. til ársloka 2022.	Lokið. Skil til skóla- og frístundaráðs 12. júní 2023.
Starfshópur um innleiðingu breytinga skóla- og frístundastarfs fyrir nemendur/börn í Borgaskóla	Hlutverk hópsins er að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinga á skóla- og frístundastarfi í Borgaskóla.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS.	Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri.	Starfshópurinn starfi a.m.k. til ársloka 2022. Hefur skilað áfangaskýrslu.	Lokið. Skil til skóla- og frístundaráðs 12. júní 2023.
Starfshópur um Betri borg fyrir börn	Hlutverk starfshópsins er að innleiða verkefnið Betri borg fyrir börn í öllum þjónustuverfum borgarinnar. Þrjú ný teymi verði mynduð: Eitt í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, annað í Laugardal og Háaleiti og það þriðja í Árbæ, Grafarholti, Grafarvogi og Kjalarnesi. Teymin verði því fjögur í heildina með því sem starfrækt er í Breiðholti.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS, Sviðsstjóri VEL.	Hákon Sigursteinsson, sálfræðingur.	Starfshópur tekur til starfa í ágúst 2021 og starfar til ársloka 2022.	Lokið. Skil til skóla- og frístundaráðs og velferðaráðs 15. febrúar 2023.

Starfshópur um innleiðingu löggjafar um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna - verkefnastjórn	Hlutverk verkefnastjórnar er að undirbúa Reykjavíkurborg fyrir væntanlega löggjöf um farsæld barna með því m.a að vinna að innleiðingu tillagna stýrihópsins sem allar miða að því koma á breytingum í þjónustu við börn með sérstakar þjónustubarfir og fjölskyldur þeirra.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS, Sviðsstjóri VEL.	Hákon Sigursteinsson, sálfræðingur.	Starfshópur tekur til starfa í ágúst 2021 og starfar til ársloka 2022.	Lokið. Skil til skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs 15. febrúar 2023.
Starfshópur um áherslur um árangursmat	Hlutverk starfshópsins er að styðja við og þróa enn frekar faglegt mat á árangri af sérkennslu, sértækum stuðningi í skóla- og frístundastarfi, skólaþjónustu og þjónustu velferðarsviðs við börn og fjölskyldur, vinna að góðu samstarfi við þau kerfi sem hafa að gera með söfnun og vistun gagna, fá leyfi og heimildir til að vinna með gögn sem nýst geta til markvissari vinnslu innan skóla, hverfis og sveitarfélags.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS, Sviðsstjóri VEL.	Hákon Sigursteinsson, sálfræðingur.	Starfshópur tekur til starfa í ágúst 2021 og starfar til ársloka 2022.	Lokið. Skil til skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs 15. febrúar 2023.
Starfshópur um aukinn stuðning við börn	Hlutverk starfshópsins er að vinna niður biðlista í skólaþjónustu, einkum að fækka þeim málum þar sem beðið er eftir þjónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS, Sviðsstjóri VEL.	Hákon Sigursteinsson, sálfræðingur.	Starfshópur tekur til starfa í ágúst 2021 og starfar til ársloka 2022.	Lokið. Skil til skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs 15. febrúar 2023.

Starfshópur um einföldun aðgengis að þjónustu	Hlutverk hópsins er að hefja undirbúning að rafvæðingu á umsóknarferli um skólaþjónustu þar sem ferlið verður endurskoðað í heild sinni út frá þörfum notenda.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS, Sviðsstjóri VEL.	Hákon Sigursteinsson, sálfræðingur.	Starfshópur tekur til starfa í ágúst 2021 og starfar til ársloka 2022.	Lokið. Skil til skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs 15. febrúar 2023.
--	--	--------	-----------------------------------	-------------------------------------	--	--

STARFSHÓPAR SEM TÓKU TIL STARFA EFTIR SEPTEMBER 2022 OG LOKIÐ HAFA STÖRFUM – ALLS 5

Starfshópar	Hlutverk / Markmið	Uppruni	Ábyrgð	Form./verkefnastj.	Starfstímabil skv. erindisbréfi	Staða
Starfshópur um aðgerðaráætlun gegn rasisma í skóla- og frístundastarfi	Vinna að verklagsreglum um viðbrögð við rasískum ummælum, skrifum og/eða hegðun hjá börnum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi. Koma með tillögur að fræðsluefni og verkfærum fyrir öll skólastig og í frístundastarfi fyrir börn og ungmenni. Koma með tillögur að fræðsluefni fyrir starfsfólk skóla- og frístundasviðs um hugtakanotkun, orðræðu og fræðslu um fjölbreyttan hóp fólks með ólíkan tungumála- og menningarbakgrunn.	Ráðið	Sviðsstjóri SFS	Dagbjört Ásbjörnsdóttir	Starfshópur starfi frá ágúst 2022 til loka október 2022.	Lokið. Starfshópurinn skilaði af sér í janúar 2023. Skil til skóla- og frístundaráðs fóru fram 8. maí 2023.
Starfshópur vegna heimastöðvar skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts	Hlutverk hópsins er að kanna kosti og galla þess að flytja heimastöð skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts úr Breiðholtsskóla í Fellaskóla til frambúðar. Skoða verði bæði aðstöðumál og leggja faglegt mat á fýsileika flutnings. Hópurinn leggi bæði mat á faglegan ávinning af slíkum flutningum sem og meti fjárhagsleg áhrif þess. Auk þess horfi hópurinn til möguleika að samnýtingu aðstöðu með annarri tónlistartengdri starfssemi í hverfinu.	SFS	Sviðsstjóri SFS	Elín Oddný Sigurðardóttir	Starfshópurinn starfaði frá 1. september 2022.	Lokið. Hópurinn skilaði af sér niðurstöðum í maí 2023.

<p>Starfshópur um starfsemi stoðeildar Birtu</p>	<p>Markmið með starfshópnum er að gera úttekt á þróunarverkefninu sem lauk vorið 2022 og að gera tillögur að stefnumótun um framtíðasýn vegna skólagöngu barna sem eru í umsóknarferli um alþjóðlega vernd. Mikilvægt er að skoða aðdraganda stofnunar Birtu stoðeildar, hvað lá til grundvallar þeirri ákvörðunartöku, verkþættir/áætlanir, skipulag og framkvæmd verkefnisins. Auk þess þarf að móta heildstæða stefnu um þá skólaþjónustu sem skóla- og frístundasvið veitir þeim hópi barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd á Íslandi. Um er að ræða stóran hóp barna sem oft hefur enga, litla eða skerta skólagöngu að baki. Börnin búa víðsvegar um borgina og því oft um langan veg að fara með almenningsvagni. Stefnunni er ætlað að vera leiðarljós í faglegu skólastarfi fyrir þennan viðkvæma hóp.</p>	SFS	Sviðsstjóri SFS	Dagbjört Ásbjörnsdóttir	Mars – maí 2023.	Lokið. Skil til skóla- og frístundaráðs 25. september 2023. Unnið er að kostnaðarmati.
---	---	-----	-----------------	-------------------------	------------------	--

Starfshópur um verklag innritunar í leikskóla	Hlutverk hópsins er að meta það verklag sem unnið var eftir í innritun vorið 2023 og koma með tillögur að verklagi varðandi innritun barna. Einnig að skoða hvaða áhrif, ef einhver, nýr leikskólareiknir muni hafa áhrif á verklag vegna innritunar barna í leikskóla.	SFS.	Skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu.	Aðalheiður Stefánsdóttir, verkefnastjóri	Til loka desember 2023.	Lokið. Niðurstöður í kynningarferli.
Starfshópur um breytingar á rekstrarleyfum eða hámarksfjölda barna í borgarreknum leikskólum	Hlutverk hópsins er að gera skýrar verkreglur varðandi breytingar á rekstrarleyfum leikskóla annars vegar og tímabundnum breytingum á hámarksfjölda barna í leikskóla hins vegar sem og að útbúa verkferil fyrir umsóknir um breytingar þar á.	SFS.	Skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu.	Aðalheiður Stefánsdóttir, verkefnastjóri	Til loka desember 2023.	Lokið. Niðurstöður í kynningarferli.

Yfirlit yfir erindisbréf starfshópa skóla- og frístundasviðs sem hafa verið settir á laggirnar frá september 2022

Heiti starfshóps	Hlutverk starfshóps
Starfshópur vegna heimastöðvar skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts	Hlutverk hópsins er að kanna kosti og galla þess að flytja heimastöð skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts úr Breiðholtsskóla í Fellaskóla til frambúðar. Skoða verði bæði aðstöðumál og leggja faglegt mat á fýsileika flutnings. Hópurinn leggi bæði mat á faglegan ávinning af slíkum flutningum sem og meti fjárhagsleg áhrif þess. Auk þess horfi hópurinn til möguleika að samnýtingu aðstöðu með annarri tónlistartengdri starfssemi í hverfinu.
Verkefnahópur vegna KFS greiningar – Skólahljómsveitir Reykjavíkur	Að greina þjónustu skólahljómsveita í Reykjavík.
Starfshópur um endurskoðun á hlutverki og þjónustustigi félagsmiðstöðva	Að endurskoða hlutverk og þjónustustig félagsmiðstöðva.
Starfshópur um starfsemi stoðdeildar Birtu	Markmið með starfshópnum er að gera úttekt á þróunarverkefninu sem lauk vorið 2022 og að gera tillögur að stefnumótun um framtíðasýn vegna skólagöngu barna sem eru í umsóknarferli um alþjóðlega vernd. Mikilvægt er að skoða aðdraganda stofnunar Birtu stoðdeildar, hvað lá til grundvallar þeirri ákvörðunartöku, verkþættir/áætlanir, skipulag og framkvæmd verkefnisins. Auk þess þarf að móta heildstæða stefnu um þá skólaþjónustu sem skóla- og frístundasvið veitir þeim hópi barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd á Íslandi. Um er að ræða stóran hóp barna sem oft hefur enga, litla eða skerta skólagöngu að baki. Börnin búa víðsvegar um borgina og því oft um

	<p>langan veg að fara með almenningsvagni. Stefnunni er ætlað að vera leiðarljós í faglegu skólastarfi fyrir þennan viðkvæma hóp.</p>
<p><i>Starfshópur um verklag innritunar í leikskóla</i></p>	<p>Hlutverk hópsins er að meta það verklag sem unnið var eftir í innritun vorið 2023 og koma með tillögur að verklagi varðandi innritun barna. Einnig að skoða hvaða áhrif, ef einhver, nýr leikskólareiknir muni hafa áhrif á verklag vegna innritunar barna í leikskóla.</p>
<p><i>Starfshópur um breytingar á rekstrarleyfum eða hámarksfjölda barna í borgarreknum leikskólum</i></p>	<p>Hlutverk hópsins er að gera skýrar verkreglur varðandi breytingar á rekstrarleyfum leikskóla annars vegar og tímabundnum breytingum á hámarksfjölda barna í leikskóla hins vegar sem og að útbúa verkferil fyrir umsóknir um breytingar þar á.</p>
<p><i>Starfshópur um skipulag undirbúningstíma leikskólakennara</i></p>	<p>Hlutverk hópsins er að skoða hvernig skipulag og innihald undirbúningstíma leikskólakennara er háttað og skapa umræðu og sameiginlega sýn á hvernig skipulag og innihald undirbúningstíma gæti best verið háttað.</p>

